

Nefndasvið Alþingis
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10, 150 Reykjavík
nefnasvið@althingi.is

Reykjavík, 28. febrúar 2024

Efni: Umsögn um: Mál nr. S-166-2023

"Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur (sameining Náttúrufræðistofnunar Ísl., Landmælinga Ísl. og Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn" sem nú er til meðferðar hjá umhverfis- og samgöngunefnd.

Sameining stofnanna með það að markmiði að einfalda stjórnsýslu er jákvæð þróun sem Loftmyndir ehf. (LM) fagna en í þessu máli eru ákveðin atriði sem fyrirtækið vill vekja athygli á þar sem stefnt gæti til verri vegar. Með þessarar umsögn vilja LM koma þeirri eindregnu ósk á framfæri að skýrt verði kveðið á í lögum um nýja Náttúrufræðistofnun að hún verði ekki í virkri samkeppni við fyrirtæki á almennum markaði.

Fyrirtækið LM sinnir loftmyndatöku og kortagerð af Íslandi. Auk þessarar starfsemi starfrækir LM ríflega 170 útgáfur af kortavefnum www.map.is sem viðskiptavinir fyrirtækisins nýta til að koma á framfæri eigin kortaupplýsingum. Viðskiptavinir fyrirtækisins eru opinberar stofnanir, sveitarfélög, lagnafyrirtæki og almenningur. Fyrirtækið hóf starfsemi árið 1996 og hefur síðan þá tekið loftmyndir á hverju ári. Það tók rúm 10 ár að klára að mynda allt Ísland og síðan þá hafa loftmyndir á landinu verið endurnýjaðar með reglubundnum hætti. Sem dæmi má nefna að undanfarin tvö ár voru teknar loftmyndir af yfir 20% landsins auk nýrra mynda af ríflega 25 þéttbýlistöðum hvort ár. Á íslenskum kortamarkaði starfa fjölmörg fyrirtæki bæði innlend og erlend. Sem dæmi má nefna ýmis gervituglafyrirtæki taka reglulega myndir af landinu, Google sem staðsetti hér flugvél og tók loftmyndir af suðvesturhorninu síðasta sumar. Tilkoma dróna hefur gjölbreytt því hvernig kortagögnum er safnað og nánast allar verkfræðistofur landsins eiga slíkan búnað og nýta til kortagerðar.

Megnið af starfstíma LM hefur fyrirtækið þurft að búa við virka samkeppni að hálfu Landmælinga Íslands (LMI). Þessi samkeppni hefur leitt til fjölda árekstra sem m.a. hafa ratað á borð samkeppnisyrivalda og Alþingis. Vegna þessa núnings var lögum um LMI breytt árið 2006 með það að markmiði taka stofnunina alfarið af samkeppnismarkaði. Í þeim lögum var skýrt kveðið á um að LMI væri ætlað að sinna ákveðnum grunnverkefnum en fyrirtæki á markaði sæju um að sinna öðrum sérhæfðari verkefnum, þar á meðal loftmyndatöku. Í kjölfarið á þessum lagabreytingum lögði þessar samkeppnisöldur.

Árið 2013 var lögum um LMI síðan aftur breytt á þann veg að öll gögn í eigu LMI voru gerð gjaldfrjáls, en þó enn tekið skýrt fram að ekki væri ætlunin að LMI færi aftur í virka starfsemi á samkeppnismarkaði.

Í greinagerð þess frumvarps sem nú er til meðferðar, 3. tölulið, er þessi saga rakin að hluta en ekki minnst á þær breytingar sem hafa orðið á starfsemi LMI undanfarin tvö ár. Þær breytingar munu breyta hlutverki nýrrar stofnunar í meginatriðum og munu á ný leiða til átaka við fjölmörg einkafyrirtæki.

1: "Því hefur stjófnunin (LMI) dregið sig úr því sem kalla mætti samkeppnisrekstur á liðnum árum og hætti stjófnunin t.d. loftmyndatökum af Íslandi árið 1998" Þetta er rangt því nýlega buðu LMI út á Evrópska efnahagssvæðinu loftmyndatöku af öllu Íslandi sem á að hefja sumarið 2024 og mun sá loftmyndagrunnur verða í beinni samkeppni við gögn einkafyrirtækja. Hann mun verða öllum opin án kostnaðar, vegna breyttra laga 2013, og sveitarfélög, lagnafyrirtæki og erlend alþjóðleg stórfyrirtæki sem í dag bera kostnað við að safna og viðhalda loftmyndum af Íslandi munu fá þau gögn sé að kostnaðarlausu. Að auki má nefna að LMI hóf á þarsíðasta ári, á eigin vegum, skipulagða drónamyndatöku af flestum þéttbýlisstöðum á Íslandi.


2: "Í dag sinna Landmælingar Íslands fyrst og fremst þjónustu og samræmingarhlutverki meðal opinberra stjófnana og sveitarfélaga vegna grunnagna um Ísland." Nýr loftmyndagrunnur af Íslandi mun óhjákvæmilega kalla á sérhæft starfsfólk og tölvubúnað til að vista gögn og miðla þeim. LMI og Náttúrufræðistofnun Íslands hafa einnig hafið samstarf undir nafninu "myndmælingarteymi Landmælinga Íslands og Náttúrufræðistofnunar". Undanfarin misseri hefur verið fjárfest í nafni þess í sérhæfðum búnaði til loftmyndatöku og úrvinnslu slíkra gagna. Þetta er starfsemi sem stofnanirnar sinntu ekki áður og er nú í beinni samkeppni við fjölmörg fyrirtæki á einkamarkaði.

Með þessar umsögn vilja LM koma þeirri eindregnu ósk á framfæri að sett verði inn í lög um nýja Náttúrufræðistofnun ákvæði um að stofnuninni sé ekki ætlað að stunda samkeppnisrekstur við fyrirtæki sem fyrir eru á þessum markaði. Frekar verði leitast við að bjóða út verkefni og þjónustu í stað þess byggja upp sjálfstæða starfsemi stofnunarinnar á þessu sviði. Þau verkefni sem hin nýja stofnun mun taka við frá (LMI) þarf að skýra betur og afmarka þannig að stofnuninni verði ekki ætlað að fara í þann tvíverknað sem felst í að ráðast í gerð loftmyndkortagrunns af Íslandi eins og nú er stefnt að. LM vekja einnig á því athygli hversu óeðlilegt það er að LMI eða nýrri stofnun Náttúrufræðistofnun sé heimilt framleiða og að veita gjaldfrjálsan aðgang að samskonar eða svipuðum gögnum og fyrirtæki á markaði eiga og selja aðgang að. Einkafyrirtæki þurfa sölutekjur til að standa straum af kostnaði við sína framleiðslu og geta ekki sótt fjárframlög til Alþingis til þess. Slík samkeppni er ósanngjörn og óeðlileg og það þarf ekki að spyrja að leikslokum fyrir þau fyrirtæki sem starfa á þessum markaði ef svo fer fram sem horfir.

Reykjavík 28. febrúar 2024

f.h. Loftmynda ehf.

Karl A. Arnarsson

 Loftmyndir ehf
www.loftmyndir.is
